



AKUREYRARBÆR

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 21. febrúar 2019
2019020149 01-106-05

Umsögn vegna þingsályktunartillögu um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál 2018

Á fundi bæjarráðs Akureyrarbæjar 21. febrúar 2019 var samþykkt að bæjarráð myndi senda umsögn við tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 og taka undir ábendingar sem Sjúkrahúsið á Akureyri sendi inn á samráðsgátt stjórnvalda. Undirritaðri var falið að senda inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Þau atriði sem Akureyrarbær tekur sérstaklega undir er að fyrir 2030 verði lokið við byggingu legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri og að Sjúkrahúsið á Akureyri verði áfram skilgreint sem háskólasjúkrahús.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, skulu Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Það er mjög mikilvægt að Sjúkrahúsið á Akureyri verði áfram skilgreint sem háskólasjúkrahús, sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið og til styrkingar fyrir sjúkrahúsið, vísindalega rannsóknir og fyrir heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Hér má benda sérstaklega á að skilgreint háskólasjúkrahús og möguleiki til vísindarannsókna er líklegur til að laða að sér færa og vel menntaða starfsmenn, sem aftur styrkir nýfengna heimild til að bjóða upp á doktorsnám á frædasviðum heilbrigðisvísinda við Háskólann á Akureyri. Þá er mikilvægt að þingsályktunin taki Sjúkrahúsið á Akureyri sem dæmi um samstarfsaðila um aukið samstarf við erlenda háskóla um framhaldsmenntun og þá tekur Akureyrarbær undir ábendingar Sjúkrahússins á Akureyri að í umfjöllun um heilbrigðisstefnu verði fjallað um endurhæfingu, hjúkrunarheimili, sjúkraflutninga og utanspítalaþjónustu.

Sjúkrahúsið á Akureyri er stór vinnustaður í bæjarfélaginu og laðar að sér vel menntaða starfsmenn. Mikil samlegðaráhrif eru á milli Sjúkrahússins á Akureyri og Háskólans á Akureyri og því er mikilvægt að hlúa að báðum stofnunum. Háskólasjúkrahús sem getur stundað vísindalegar rannsóknir og háskóli með heimild til að bjóða upp á doktorsnám styrkja ekki aðeins hvert annað og nærsamfélagið, heldur styrkja búsetu í sveitarfélaginu og nærsveitum og eykur líkurnar á því að til starfa veljist vel menntaðir starfsmenn sem geta hugsað sér að búa í sveitarfélaginu til lengri tíma.

Virðingarfyllst,

Inga Þóll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður / persónuverndarfulltrúi

Akureyrarbær

Geislagötu 9 - 600 Akureyri - Sími 460 1000 - www.akureyri.is - Kt.: 410169-6229